

hér & nú

Fimmtudagur 20. júlí 2006 - 28. töl. - 2. árgangur - Verð: 395 krónur

EYRÚN HULD, KONA MAGNA,
RÆÐIR OPINSKÁTT UM
ROKKIÐ, SUKKIÐ OG TAKMÖRKUÐ
SAMSKIPTI ÞEIRRA Á MILLI

LINDA PÉ

KEYPTI ÍBÚÐ Í
VOGAHVERFI

BRÍET SUNNA

DEKRUÐ Á LAUSU

KOLLA Í HJÓLASTÓL

VAR VÍSAD HEIM AF
FÆÐINGARDEILDINNI

SAKNAR MAGNA

NÝR MEGRUNARKÚR
LEYSIR ATKINS
AF HÓLMI

SVALA SÆT
Á DJAMMINU





Nýtt bakarí og kaffihús í Austurveri.



Opnunartilboð

Öll rúnstykki **2 fyrir 1**

Maísbrauð **150 kr**

Amerísk súkkulaðiterta **600 kr**

Kaffi og tertusneið **490 kr**

Ath: tilboðin gilda til 31. júlí 2006,
aðeins hjá Bakameistarinum í Austurveri.

Komdu og láttu gæla við bragðlaukana!



Bakameistarin



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein-
og næringaríkt og nánast fitulaust. Í því eru hvorki
sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður
kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í
fyrrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.



Skýr



NJÓTTU LÍFSINS
MEÐ **HEILBRIGÐUM**
LÍFSSTÍL



FIGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

LOKSINS LOKSINS LOKSINS

Hollywood þægindi á Íslandi!



Hann er til leigu!

- ▶ Hentar vel við ýmis tækifæri, svo sem afmæli, brúðkaup og fundi
- ▶ Tekur 17 farþega
- ▶ Lystisnekkja á hjólum

GOLD LIMO

SÍMI 897 0930 • goldlimo@goldlimo.is

hér & nú



42-43

6-7 Frægir á Essomótinu á Akureyri
9-15 Eyrún kona Magna í Rock Star í einlægu einkaviðtali
16-17 Bombupartí á Pravda
18-19 Listasýning í Gróttu
22-23 Gleði í Smirnoff-veisluhöldum
24-25 Frægt fólk sem borðar ekkert
26-27 Lára Rúnarsdóttir á tónleikum
28-29 Demi Moore er hlynnt lýtaaðgerðum
30-31 Ingó syngur fyrir stelpurnar
32 Regína söngkona og bóka-gagnrýni
33 Liz Hurley á niðurleið?
34-35 Angelina Jolie tattúveruð
36-37 Viddi og Ingvar elda og fagna afmæli Greifanna
38 Sólveig Eiríksdóttir eldar himneska hollustu

40-41 Steldu stílnum
42-43 Briet Idol-söngkona er stundum dekrúð
44-45 Íslenskar konur hlaupa maraþon
47 Shangri-La kúrin virkar
48-49 Haffi Haff segir hermannaalitinn allsráðandi
50-51 Kajakferðir á Stokkseyri
52-53 Reynslusaga
55 Íslenskir karlmenn með yfirvaraskegg
56-57 Elísabet Ólafsdóttir pistlahöfundur hugar að kynlífi
58-59 Jón í Kultur og sushi
60-61 KVK er ný fataverslun
62 Molar úr ýmsum áttum
64-65 Sálin hans Jóns míns
66 Krossgáta Hér & nú
68 Krossgátulausn síðustu viku og 60 sekúndur



36-37



30-31



26-27



44-45



8-15



16-17

Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.
Útgefandi Páll Baldvin Baldvinsson ábm.
Ritstjóri Elly Ármannsdóttir elly@365.is,
Ritstjórni Anna Kristine Magnúsdóttir annakristine@hognu.is
Svala Jónsdóttir svala@hognu.is
Hér & nú Skaffahlöð 24, 105 Rvík, sími: 550 5000.
Fax Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjórni: 550 5075.
Netfang Ritstjórni: ritstjorn@hognu.is – Auglýsingar:
auglysingar@hognu.is. Umbrot 365 – prentmiðlar.
Prentvinnsla Ísafoldarprentsmiðja. Dreifing Pósthúsið ehf.,
dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar
myndir í tímaritinu á stafraenu forni og í gagnabönkum án endurgjalds.

Dásamleg eining

Ánægjulegt að uppgötva að **Eyrún Huld Haraldsdóttir** íslenskukennari fagnar eins og öll íslenska þjóðin velgengni **Guðmundar Magna Ásgeirssonar** í Rock Star: Supernova.

„Rómantíkin hefur haldist og við verðum ástfangnari með hverjum deginum. Nú í haust verðum við búin að vera saman í níu ár. Að sjálfsögðu styrkir sonur okkar, Marínó Bjarni, sambandið. Við lítum á hann sem mikla blessun og erum alveg í skýjunum,“ sagði Eyrún opin ská og einlæg. Þessi kona er meðvituð um að skilyrðislaus ást og fjölskylda styrkir menn þegar þeir standa einir syngjandi á sviði í von um að verða ekki hafnað.

Raunveruleg ánægja ríkir þegar fólk getur horft á aðra með blíðu og samúð líkt og Eyrún. Það er varanleg tilfinning. Ætla framvegis að leggja mig fram við að upplifa raunverulega ánægju. Ekki falska ánægju. Þið þekkið öll muninn.

Elly Ármann



Linda Pétursdóttir og Ísabella Ása dóttir hennar eru fluttar í Vogana

KOMIN HEIM Í GAMLA HVERFIÐ

Fegurðardrottningin, sjónvarps- og athafnakonan Linda Pétursdóttir er flutt úr Arnarnesinu þar sem hún leigði sér íbúð í vetur. Lindu leist ekkert á hátt fasteignaverð og ákvað að leigja sér íbúð að Tjaldanesi 1 á Arnarnesinu í Garðabæ. Linda gat þó ekki beðið eftir því að fasteignaverðið lækkaði og hefur nú keypt sér íbúð í gamla hverfinu sínu, Vogunum. Linda flutti heim frá Kanada fyrir um ári síðan. Hún bjó um tíma í Hveragerði en flutti síðan til foreldra sinna í sveitarsæluna í

Grímsnesi. Hjá foreldrum sínum bjó hún þar til Ísabella dóttir hennar fæddist síðasta haust. Íbúðin sem Linda hefur nú keypt er tæplega hundrað fermetrar í fallegu húsi í næsta nágrenni við Glæsibæ og ísbúðina góðu í Álheimum.



FRÆGIR Á ESSOMÓTI

M argt var um manninn á vel heppnuðu Essomóti á Akureyri á dögunum. Áhugasamir foreldrar fylgdu börnunum og hvöttu á vellinum. Meðal þeirra voru Páll Magnússon sjónvarpsstjóri, Kristján Kristjánsson Kastljósmaður, Ólöf Rún Skúladóttir fyrrum fréttakona, Arnaldur Indriðason rithöfundur, Rósa Guðbjartsdóttir bæjarfulltrúi og Elín Reynisdóttir förðunarmeistari með meiru.





SIF HEILLAR Í LOS ANGELES

Sif Aradóttir, Ungfrú Ísland, er nú stödd í Los Angeles þar sem hún mun keppa um titilinn Miss Universe á sunnudaginn. Fátt þykir mörgum spekingunum skemmtilegra en dæma stelpurnar frá toppi til tár og veðja um hvaða stúlka hreppir titilinn fegursta kona í alheiminum. Ekki slæmur titill.

Margir hafa spáð Sif sjötta til

ellefta sætinu í keppninni sem telst góður sigur út af fyrir sig, en nýjustu spárnar gefa til kynna að allt geti gerst fyrir Sif og að mati spekinga mest heillandi keppandinn.

Netspekingar segja að Sif hafi unnið mjög á í myndatökum síðan hún kom til Los Angeles. Það væri ekki slæmt að eiga Ungfrú Alheim og Ungfrú heim.

HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU

Það var líf og fjör í miðborg Reykjavíkur um síðustu helgi, enda bauð veðrið ekki beinlínis upp á að fólk flykkist í útilegu. Skemmtanabyrstir borgarbúar bættu sér upp sólarleysið með því að fjölmenna niður í bæ. Á meðal þeirra sem létu sjá sig á börum bæjarins voru **Baltasar Kormákur** og **Lilja Pálmadóttir**, sem voru á barnum á Hótel 101 í góðu yfirlæti. Félagi Baltasar í leiklistarbransanum, **Hilmir Snær**, gladdi eflaust hjórtu margra kvenna þegar hann leit inn á Ölstofu Kormáks og Skjaldar á laugardagskvöldið, en hann gaf sig þar á tal við **Kormák**,



annan eiganda staðarins. Mikill mannfjöldi var á Rex um helgina, sérstaklega á föstudagskvöldið. Þar mátti meðal annarra sjá **Ásgeir Sigurvinsson**, fyrrverandi landsliðsþjálfara, sem er alltaf jafn flottur. Á laugardagskvöldið skinu sjónvarpsstjórnurnar skært á Rex, en þá heiðruðu **Ragnheiður Guðfinna**, hin glæsilega sjónvarpskona á NFS, og **Pórhallur Gunnarsson**, ritstjóri Kastljóssins, staðinn með nærveru sinni.



HRINGDU INN PARTÍ EÐA FRÉTT

550 50 70

Láttu vita!

Er veisla framundan? Veistu eitthvað sem enginn annar veit? Hringdu í Hér & nú ef þú lumar á fréttaskoti. Fréttaskotsmáttarinn okkar er 550 5070. Láttu í þér heyra og þú getur átt fréttaskot vikunnar og fengið 15.000 krónur fyrir. Ef fréttin fer á forsiðu færðu 5.000 krónur og 3.000 ef fréttin þín ratar inn í blaðið. Láttu endilega í þér heyra.



FRÉTTASKOT

hér&nú

Húsgagna

Lagersala

Krókhálsi 10
sími: 557-9510
14 - 21 júlí
9-18 virka daga
10-16 laugadaga

Komdu og gerðu góð kaup
Allt að 80% afsláttur
af útlitsgölluðum vörum

Rúm — Borð — Sófar — Skápar — Speglar — Púðar — Nuddstólar — og margt fleira...

ricco vero

Útsalan
í fullum
gangi



st

stílistinn

Nýtt kortatímabil

Laugavegur 101, 101 Reykjavík.

Sími: 483-4121 • stilstinn.is

Eyrún Huld Haraldsdóttir, 25 ára íslenskukennari, er kona söngvarans Magna sem stendur sig eins og sannur rokkari í Rock Star: Supernova í Los Angeles. Eyrún ræðir um keppnina, sukkið, rokkið og ekki síst fjölskylduna.



VERÐUM AÐ VERA STERK Á
MEÐAN Á ÞESSU STENDUR

„Við Magni erum bæði af Austurlandi, hann frá Borgarfirði eystri og ég frá Egilsstöðum. Við vissum lengi hvort af öðru en kynntumst samt ekkert fyrir alvöru fyrir en árið 1997 þegar við felldum hugi saman á skólaballi Menntaskólans á Egilsstöðum. Þá var hljómsveitin Sóldögg að spila en meðlimir hennar eru góðir félagar Magna í dag. Á þessu balli byrjuðu hlutirnir að gerast og sambandið fór að þróast upp frá því. Það má því segja að þetta sé svolítill skólarómantik.“

Rómantikinn sýnir haldist og við verðum ástfangnari með hverjum deginum. Nú í haust verðum við búin að vera saman í níu ár. Að sjálfsögðu styrkir sonur okkar Marinó Bjarni sambandið og við lítum á hann sem mikla blessun og erum alveg í skýjunum yfir frumburðinum. Við trúlofuðum okkur vorið 2001, á títugsafmælinu mínu.“

„Eins og hann sagði sjálfur þegar ég talaði síðast við hann: Ef okkur líður vel líður honum vel og öfugt. Auðvitað er erfitt að vera allt í einu einstæð móðir en ég kvarta ekki, því langerfiðast er þetta fyrir Magna sem er langt í burtu frá syni sínum. Marinó lærir nýja hluti á hverjum degi og ég veit að Magni myndi vilja vera heima til að fylgjast með honum vaxa og dafna. En þetta er stutt ævintýri og tækifæri sem gefst kannski einu sinni á lífsleiðinni og það ber að nýta, ekki spurning. Við höfum allan tímann í heiminum þegar þessu ævintýri lýkur, þá byrjar okkar ævintýri.“

Yndislegastur af öllum

„Magni er yndislegasti maður sem ég hef kynnt. Hann er ekki bara góður unnusti og faðir heldur einnig frábær vinur. Við getum talað um allt. Magni hefur alltaf verið vel að sér á mörgum sviðum, hann hlustar til að mynda oft á Rás 1 og vill

helst ekki missa af útvarpssöggunni. Magni hefur alltaf verið mikil barnagæla, börn laðast að honum og hann gefur þeim alltaf tíma. Það kom mér því ekkert á óvart hvernig hann umgengst son okkar, væntumþykjan og ást hans skín alltaf í gegn.

Magni er mikill húmoristi og kemur manni alltaf til að hlæja. Hann er duglegur, er í krefjandi vinnu og kemur oft ekki heim fyrir en undir morgun, samt vaknar hann hress til þess að leika við drenginn sinn og kúra með fjölskyldunni. Hann er líka laghentur og mjög handlaginn

Eyrún elskar Magna sinn
Pau kynntust þegar Eyrún var 16 ára en bæði eru Austfirðingar.



heimilisfaðir, liðtækur í heimilisstörfunum og umfram allt góður félagsskapur. Hann er draumamaðurinn.“

Hvort tók fyrsta skrefið þegar þið byrjuðuð saman?

„Það fór ekkert á milli mála að við vorum hrifin hvort af öðru. En ég held að Magni hafi tekið af skarið að lokum. Við ræddum lengi saman undir vegg við ballstaðinn og hver veit nema nokkrir kossar hafi verið látnir fylgja með,“ segir hún og brosir út í annað.

Talið þið saman á meðan hann er í keppninni?

„Já, við tölum saman tvisvar, stundum þrisvar í viku, yfirleitt í 15 mínútur í senn. Hann hefur ekki sinn eigin síma og má heldur ekki nota internetið þannig að hver mínúta er nýtt þegar við heyrumst. Oftast er það ég sem tala. Magni vill ólmur fá fréttir að heiman. Það er sjö tíma munur á milli landanna og því hringir Magni yfirleitt snemma morguns, klukkan 17–18 hérna heima. Það var gott í honum hjóðið síðast þegar ég heyrði í honum. Hann er ánægður með árangurinn og hlakkar til að takast á við næstu áskorun.“

Nú er hann að upplifa ameríska drauminn, ekki satt?

„Að sjálfsgöðu er hann að upplifa draum. Alla stráka dreymir um veltengni og jafnvel frægð í lífinu. Ég held samt að Magni hafi verið sáttur með sig þar sem hann var, þekktur söngvari á Íslandi, en auðvitað er þetta fyrst og fremst mikil viðurkenning fyrir hann sem söngvara og hann má vera stoltur, hvernig svo sem fer í þáttunum. Hann er að uppskera eins og hann hefur sáð, ekki spurning. Það þarf mikið meira en góðan söng til að komast áfram í þáttunum, þú þarft að vera aðlaðandi persóna, sem hann virkilega er.“

Hvernig líður ykkur að horfa á Magna í kringum þessa rokkara?

„Ég og Marinó höfum verið fyrir austan þegar síðustu þættir hafa verið sýndir og ég og mín fjölskylda höfum horft saman á Egilsstöðum. Það hefur alltaf verið mikil stemning, fagnað og klappað. Á Borgarfirði hafa svo ættingjar og vinir Magna safnast saman í félagsheimilinu á staðnum og horft á kappann syngja á breiðtjaldi. Þar er líka alltaf mögnuð stemning og liggur við að þakkið rifni af húsinu, svo mikil eru



Skemmtilegt ævintýri
Eyrún hlakkar til að fá Magna heim og segir að skemmtileg ævintýri bíði þeirra þegar hann hefur klárað sitt.



fagnaðarlætin. Að sjá Magna í þessu umhverfi er skrítið. Hann á samt fyllilega skilið að vera þarna og passar vel inn í hópinn,“ segir Eyrún og bætir einlæg við: „Fyrir utan kannski að hann hefur ekkert tattú.“

Ég hef aðeins spurt hann út í fólklið og það er ósköp venjulegt fólk, bara eins og þú og ég. Útlitið blekkir mann oft. En á bak við skrautið, tattúin og rifnu gallabuxurnar er venjulegt fólk. Fólk með tilfinningar, fólk sem saknar og elskar rétt eins og Magni.“

Söng hann þegar þið kynntust?

„Magni hefur raulað frá blautu barnsbeini. Hann hefur verið söngvari svo lengi sem ég man. Hann var í rokkbandinu Shape áður en hann fór yfir í Á móti sól svo hann er vel kunnugur rokkinu og krafturinn í röddinni hans hentar vel í rokk söng líkt og annan söng.“

„Það er ekkert grín fyrir sveitastrák frá Borgarfirði eystri að standa fyrir framan gömlu átrúnaðargoðin. Metallica hefur lengi verið ein af hans uppáhaldshljómsveitum og Jason var jú bassaleikari þar. Sjálf var ég svolítið heit fyrir Jason, hann var rosa sætur með sítt hár og rakað undir. En þetta er örugglega erfitt. Magni er langt frá sínum heimaslóðum, þarf að tjá sig á öðru tungumáli, en hann stendur sig eins og hetja.“

Magni hlustar mikið á tónlist og fylgist vel með, það kemur sér pottþétt vel í þáttunum. Hann hefur til dæmis ekki enn þurft að læra einn einasta texta í öllu þessu Rock Star-dæmi þar sem hann kann hundruð texta og á mjög auðvelt með að tileinka sér alla hluti er snúa að tónlist. Hann hefur samið mikið af lögum og textum, oft í samstarfi við félagi sína, bæði í Shape og Á móti sól.

Lagasmíðar Á móti sól eru oftast ekki samvinna félaganna og eiga þeir því lögin oft saman. Hljómsveitin hefur verið í Danmörku undanfarna daga að taka upp nýja plötu. Magni mun því kannski eiga eitthvað minna í henni þar sem hann hefur lítið verið á svæðinu. En hann kemur sterkur inn í haust og syngur og semur jafnvel eitthvað á plötuna. Nú síðast sá ég texta eftir hann á netinu

sem hann hafði samið til mín,“ segir hún brosandi og bætir við ánægð með manninn sinn: „Rómantískur saknaðartexti, ofsalega fallegur. Hann er því að dunda sér við lagasmíðar þarna úti þegar hann hefur lítið að gera.“

Kostir og gallar?

„Aðalkostur þessa ævintýris er lífsreynslan sem Magni fær. Þetta er stór viðurkenning

Flott rokkstjarna

Eyrún og fjölskyldur þeirra Magna eru stoltar af frammi-stöðu Austfirðingsins í Hollywood.

fyrir hann bæði sem einstakling og söngvara. Hann lifir í raun í öðrum heimi á meðan á þessu stendur. Við erum eitt líf og keppnin annað. Það er frábært hvað hann hefur kynnst mörgu skemmtilegu fólki og fengið að upplifa margt á skömmum tíma.

Það er ekkert grín fyrir sveitastrák frá Borgarfirði eystri að standa fyrir framan gömlu átrúnaðargoðin. Metallica hefur lengi verið ein af hans uppáhaldshljómsveitum og Jason var jú bassaleikari þar. Sjálf var ég svolítið heit fyrir Jason, hann var rosa sætur með sitt hár og rakað undir. En þetta er örugglega erfitt. Magni er langt frá sínum heimaslóðum, þarf að tjá sig á öðru tungumáli, en hann stendur sig eins og hetja.

Held að það séu engir ókostir beint. Kannski helst fjarlægðin og að geta ekki hitt fjölskylduna. Kostirnir eru yfirgnæfandi fleiri en ókostirnir, það er ekki spurning.“

Er Magni jarðtengdur – höndlar hann þessa rússibanaferð?

„Magni stendur sig vel og

„Við tölum saman tvisvar, stundum þrisvar í viku, yfirleitt í 15 mínútur í senn. Hann hefur ekki sinn eigin síma og má heldur ekki nota internetið þannig að hver mínúta er nýtt þegar við heyrumst. Oftast er það ég sem tala. Magni vill ólmur fá fréttir að heiman. Það er sjö tíma munur á milli landanna og því hringir Magni yfirleitt snemma morguns, klukkan 17–18 hérna heima. Það var gott í honum hljóðið síðast þegar ég heyrði í honum, hann er ánægður með árangurinn og hlakkar til að takast á við næstu áskorun.“

þetta stígur honum alls ekki til höfuðs. Hann er rólegur og jarðbundinn eins og hann er alltaf, er ekkert að mikla hlutina fyrir sér.“

Sérðu hvernig Magna er innanbrjóst þegar þú horfir á hann í keppninni?

„Ég sé alltaf hvernig honum líður. Hann var til dæmis mjög stressaður í fyrsta þættinum, eðlilega, en strax í öðrum þætti var hann sjálfsöruggur og greinilega búinn að aðlagast aðstæðum. Hann er fljótur að læra og duglegur að kynna fólki og stöðum.“

Ræður strákurinn við álagið sem fylgir?

„Ég held að Magni ráði vel við álagið. Hann er vanur að koma fram hér heima, bæði á sviði og í fjölmiðlum og ég tel að sú reynsla hans skipti sköpum. Ekki má gleyma að hann er þarna líka til að læra. Hann tekur þessa



Magni á sviðinu í Los Angeles
Hann er umkringdur rokkhetjunum sínum sem hann hefur fylgst með frá því í æsku og syngur nú fyrir í hverri viku.





Sonurinn sæll og glaður en saknar pabba „Marinó saknar pabba síns, það er ég viss um. Hann hefur bara ekki orðin til að tjá sig ennþá.“

reynslu og byggir við sína fyrri reynslu og verður enn betri tónlistarmaður fyrir vikið.

Ég var mjög róleg í fyrstu en svo þegar fyrsti þátturinn byrjaði fór hjartað í mér á milljón. Ég hélt það ætlaði að líða yfir mig af stressi. Þegar Magni var búinn leið mér betur, hann stóð sig vel og ég hafði ekki neinar áhyggjur af framhaldinu. Enda hefur það komið í ljós að það var engin ástæða til þess. Nú bíð ég spennat eftir næsta þætti, verst hvað vikan er lengi að líða.“

Rokk og ról – fylgir því ekki alltaf óregla?

„Við vitum öll að drykkja og dóp fylgja oft rokkhljómsveitum. Magni er alls enginn óreglumaður og það er ekkert sem segir að hann þurfi að verða það til að verða góður rokköngvari. Það eru ekki allir í rokkheiminum dópistar þó svo að þeir séu kannski stimplaðir það.“

Magni verður góði rokkarinn, góði strákurinn. Ég veit að þau fá sér rauðvín og bjór og svona en ekkert alvarlegra en það, við gerum það nú hérna heima líka. Þau skála til dæmis alltaf í kampavíni eftir hvern þátt. Fólkið er fyrst og fremst að hugsa um að komast sem lengst í þáttunum. Það segir

sig sjálft að sukk hjálpar ekki til við það.“

Viðbrögð sem þú upplifir hér heima?

„Alls staðar sem ég kem talar fólk um Rock Star og hversu vel Magni stendur sig. Það er frábært að heyra hversu jákvætt fólk er og hversu mikinn stuðning hann fær hérna heima. Neikvæðu raddirnar eru þó til staðar en mér finnst frekar hallærislegt þegar fólk þarf að tjá sig á neikvæðan hátt um velgengni annarra. Vottar jafnvel fyrir öfund. En sem betur fer er jákvæða umræðan miklu, miklu meiri og frábært að fólk tekur þessu svona vel. Þetta er auðvitað æðisleg skemmtun á hverju þriðjudagskvöldi. Nokkurs konar Eurovision í hverri viku.“

Söknuður?

„Hann saknar okkar mjög mikið. En reynir eins og ég að líta á björtu hliðarnar. Þetta er erfitt, erfiðasta tímabilið í okkar sambandi. Við verðum að vera sterk á meðan á þessu stendur, svo kemur okkar tími. Við höfum stundum þurft að vera í sundur en erum sammála því að það styrki aðeins sambandið.“

Hins vegar er erfiðara að vera í burtu frá ungu barni sem



Skjár Einn sendi Magna brennivín og harðfisk „Hann hefur bara verið úti í nokkrar vikur þannig að ég held að hann sakni ekki endilega matarins eða venjanna hér ennþá. Það er aðalega fólkið hans hérna heima sem hann saknar. Ég veit að fólkið á Skjá Einum er að senda honum pakka, harðfisk, íslenskt brennivín og myndir frá Íslandi. Svona aðeins til að kynna land og þjóð fyrir rokkurinum.“

er að fóta sig í heiminum. Marinó skilur auðvitað ekki hvers vegna maðurinn sem var alltaf hérna er farinn, það er það erfiðasta. Svo veit maður ekki hvort sá litli áttar sig á því að pabbi hans er langt í burtu. Við getum að minnsta kosti ekki beðið eftir því að sjá Magna og sér í lagi svipinn á Marinó þegar hann loksins sér pabba sinn aftur.

Við söknum Magna rosalega mikið en vitum um leið að honum finnst gaman að taka þátt í þessu ævintýri og að honum líður vel. Eins og hann sagði sjálfur þegar ég talaði síðast

við hann: Ef okkur líður vel líður honum vel og öfugt.

Auðvitað er erfitt að vera allt í einu einstæð móðir en ég kvarta ekki, því langerfiðast er þetta fyrir Magna sem er langt í burtu frá syni sínum. Marinó lærir nýja hluti á hverjum degi og ég veit að Magni myndi vilja vera heima til að fylgjast með honum vaxa og dafna.

En þetta er stutt ævintýri og tækifæri sem gefst kannski einu sinni á lífsleiðinni og það ber að nýta, ekki spurning. Við höfum allan tímann í heiminum þegar þessu ævintýri lýkur, þá byrjar okkar ævintýri.“



Ívar Guðmundsson, bikinimódelið Rakel Ýr, kærasti hennar Magnús Benediktsson sem er einn af eigendum Pravda, ásamt Arnari Grant.

Arnar Grant og Ívar Guðmundsson héldu veislu sem munað verður PRAVDA UNDIRLAGT A



Fengu sér ávaxtabombuna. Ein af nýju Bombunum er rauð.



Írskir fjörkálfar sem voru í skýjunum yfir að fá að koma í partið.



Grantarinn ásamt Kristjáni Eldjárni og konunni hans sem komu í bæinn frá Akureyri.



eftir í nafni Bombunnar sem er vinsæll orkudrykkur hér á landi.

F FÖGRUM FLJÓÐUM



Gulli, Gunnar, Grantarinn og kona hans Tinna, lengst til hægri.



Haraldur Jónsson með móður sinni Áslaugu Stephensen.



Bryndís Kristjánsdóttir og Valdimar Leifsson með hundinn Ronju koma á Eiland, sýningu í Gróttu, og láta rigningu og rok ekki á sig fá.

Opnun sýningarinnar Eiland í Gróttu á Seltjarnarnesi fór fram um síðustu helgi. Margt var um manninn þrátt fyrir votviðri. Listamennirnir Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Friðrik Örn Hjaltested, Haraldur Jónsson, Hrafnkell Sigurðsson og Ragnar Kjartansson sýna listsköpun sína til 20. ágúst.

GAMAN Í GRÓTTU



Valdimar Leifsson og Bragi Ólafsson.



Tinna og Elísabet voru við opnunina.



Margeir Ingólfsson sá um tónlistina fyrir gesti.

Sólveig Pálsdóttir, formaður menningarnefndar Seltjarnarness, býður gesti velkomna á sýninguna í Gróttu.



Ásdís Sif Gunnarsdóttir og Guðrún Hlín Þórarinsdóttir.



Haraldur Jónsson, Auður og Hrafnkell Sigurðsson.



Daði Guðbjörnsson, Jóhanna Björk Gísladóttir og Sigríður Sunna.



Sigríður Margrét Guðmundsdóttir og Gunnhildur.

Gæðahreinsun – góð þjónusta Þekking • Reynsla • Þjónusta

Skyrtupvottur / Dúkaþvottur / Heimilisþvottur

Hreinsum einnig sængur

Opið

mán-fim 8:00 - 18:00 • föst 8:00 - 19:00 • laugardaga yfir vetrartíma 10:00 - 13:00



